

AUGLÝSING

**um aðalbrautir, einstefnuakstur, bifreiðastöðubönn o. fl. í Keflavík,
sem taka gildi frá og með 26. maí 1968.**

Hafnargata og Hringbraut

hafa aðalbrautarrétt gagnvart öllum götum, sem að þeim liggja.

Aðalbrautir:

Flugvallarvegur milli Hafnargötu og Hringbrautar.
Víkurbraut frá Hafnargötu að Vitastíg.
Faxabraut.
Vatnsnesvegur.
Skólavegur, sem hefur aðalbrautarrétt gagnvart Faxabraut.
Tjarnargata.
Aðalgata.
Vesturgata.
Vesturbraut.

Einstefnuakstur:

Suðurgata til suðurs frá Tjarnargötu að Skólavegi.
Aðalgata til austurs frá Kirkjuvegi að Túngötu.
Klapparstígur til austurs frá Kirkjuvegi að Túngötu.
Ránargata til vesturs frá Hafnargötu til Suðurgötu.
Heiðarvegur til austurs frá Sólvallagötu að Suðurgötu.

Akstur úr Klapparstíg yfir í Hafnargötu er bannaður.
Akstur úr Heiðarvegi ofanverðum yfir í Hafnargötu er bannaður.

Bifreiðastöðubönn:

Við Hafnargötu: að vestanverðu frá Flugvallarvegi að Vesturgötu að undanskildum auðkenndum bifreiðastæðum.
Við Tjarnargötu: beggja vegna frá Hafnargötu að Hringbraut að undanskildum auðkenndum bifreiðastæðum.

Tímatakmörkun á bifreiðastæðum:

Við Hafnargötu: frá nr. 27 að nr. 33 og við nr. 36.
Við Tjarnargötu: framan við nr. nr. 2 til nr. 4.
30 mín. frá kl. 9—18 alla virka daga nema laugardaga frá kl. 9—13.

Biðstaðir almenningsvagna:

Á leið til Reykjavíkur: Við símstöð, Vatnsnestorg, Aðalstöð.
Á leið frá Reykjavík: Við Verzl. Hagafell, Vatnsnestorg og símstöð.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 16. maí 1968.

Alfreð Gíslason.